

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Skógahverfis 1. áfanga.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 8. maí 2007, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á lóðinni nr. 4 við Birkiskóga.

Breytingin felst í því að byggingarreitur er dýpkaður um 1 metra.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 1. júní 2007.

Þorvaldur Vestmann,
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 4. júní 2007